

greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnandanum, Blikksmiðjunni Gretti, kr. 9.348.11 með 7% ársvöxtum frá 31. marz 1960 til greiðsludags og kr. 2.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. maí 1963.

Nr. 79/1961. **Olíusalan h/f** (Björgvin Sigurðsson hdl.)

gegn

Ísól h/f (Sveinn Haukur Valdimarsson hdl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Theodor B. Línal.

Um réttarvernd sinnnefnis gagnvart firma.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. apríl 1961, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. s. m. Krefst hann þess:

Að stefnda verði dæmt óheimilt að nota sem nafn á félagi sínu eða með nokkrum öðrum hætti sem auðkenni fyrir sig orðið Ísól eða eftirlíkingar af því nafni.

Að stefnda verði, að viðlögðum dagsektum til áfrýjanda, eigi undir kr. 1000.00 fyrir hvern dag, sem líður frá uppsögu dóms í máli þessu, unz fullnægt er dómnum af stefnda hálfu, dæmt að láta afmá úr hlutafélagsskrá sem nafn á félagi sínu orðið Ísól.

Að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa ýmis ný gögn verið lögð fyrir Hæstarétt.

Samkvæmt skýrslum var Olíusalan h/f, áfrýjandi máls þessa, stofnsett 1949, og er starfsemi hans: Innflutningur og sala á olíu og kemiskum vörum. Hinn 6. júlí 1949 lét áfrýjandi skrá hjá ritsímanum símnefnið Ísol, og hefur símnefni þetta síðan verið prentað í símaskrá Landssíma Íslands. Áfrýjandi kveðst jafnan nota símnefnið sem undirskrift á símskeyti, er hann sendir frá sér bæði til innlendra og erlendra aðilja. Erlendir aðiljar noti það jafnan á símskeytum til hans og íslenzkir aðiljar oftast nær.

Hinn 6. maí 1959 var stofnað í Reykjavík hlutafélag, sem hlaut nafnið Ísól h/f og var skráð í hlutafélagsskrá með því nafni. „Tilgangur þess er að reka iðju og aðra skylda atvinnu, eftir því sem hluthafafundur ákveður, og svo lána-starfsemi.“ Hinn 19. júní 1961 tilkynnti stefndi til hlutafélagsskrár, að hann hefði samþykkt „að færa út tilgang félagsins með því að reka heild- og smásöluverzlun“.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, hefur borið á því, að skeyti, sem send höfðu verið stefnda, voru borin áfrýjanda frá Landssíma Íslands.

Áfrýjandi telur starfsheiti stefnda ekki eiga rétt á sér gegnt sér. Eigi er í ljós leitt, að starfsemi áfrýjanda eða varningur gangi undir starfsauðkenninu Ísól meðal kaupnauta hans, kaupsýslumanna, fésýslumanna eða almennings. Að svo vöxnu máli þykir það eitt, að áfrýjandi notar orð þetta sem símnefni hvorki veita honum samkvæmt 9. gr. laga nr. 84/1933 né öðrum lögum heimild til að banna stefnda að nefnast Ísól h/f.

Með þessum rökum og athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum atvikum er rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 21. nóvember 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Oliusalan h/f, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 27. október f. á., gegn stjórn Ísól h/f, hér í bænum, þeim Gunnari H. Bjarnasyni, Vesturvallagötu 1, formanni, Ásgeiri Ásgeirssyni, Nökkvavogi 30 og Sophusi Jørgen Nielsen, Álfheimum 68, öllum hér í bænum, fyrir hönd félagsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 6. júlí 1949 tók stefnandi upp og fékk skrásett fyrir sig hjá ritsímanum símnefnið Isól, og hefur þetta orð síðan verið prentað í símaskrá Landssíma Íslands og stefnandi notað það sem símnefni. Hinn 6. maí 1959 var stofnað hér í bænum hlutafélag undir nafninu Ísól h/f og síðan skrásett í hlutafélagaskrá með því nafni, sbr. auglýsingu í 53. tölubl. 53. árg. Lögbirtingablaðsins, sem út kom 16. júní 1959.

Stefnandi telur, að með upptöku og skrásetningu símnefnisins Isól hafi hann eignast það nafn sem heiti á fyrirtæki sínu og þar með öðlazzt einkarétt á því heiti. Af því leiði, að engum öðrum sé heimilt að nota nafnið, hvorki sem firmanafn á hlutafélagi né með neinum öðrum hætti. Fari því notkun stefnanda á nafninu í bága við ákvæði 10. gr. laga um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42 frá 13. nóvember 1903 og ákvæði 9. gr. laga um varnir gegn ólögumætum verzlunarháttum nr. 84 frá 19. júní 1933. Telur hann einsætt, að mjög megi ugga um það, að félögunum verði blandað saman af viðskiptamönnum þeirra, meðan stefndi noti umrætt nafn, enda sé það kunnugt, að menn riti á símskeyti ýmist símnefni viðtakanda eða fullt nafn hans. Af þessu tilefni hefur stefnandi höfðað mál þetta og gert eftirfarandi dómkröfur:

Að stefnda verði dæmt óheimilt að nota sem nafn á félagi sínu eða með nokkrum öðrum hætti sem auðkenni fyrir sig orðið Ísól eða eftirlíkingu á því.

Að stefndi verði að viðlögðum dagektum, eigi undir kr. 1.000.00 fyrir hvern dag, sem líður frá uppsögu dóms í máli þessu, unz fullnægt er dóminum af stefnda hálfu, dæmdur til að láta afmá úr hlutafélagaskrá sem nafn á félagi sínu orðið Ísól.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum allan kostnað sakarinnar eftir mati dómsins.

Þá hefur stefnandi tilkynnt skrásetningarstjóranum í Reykjavík, Kristjáni Kristjánssyni borgarfógeta, hér í bænum, máls-

sókn þessa í því skyni, að hann veiti honum stuðning í málinu og gæti hagsmuna sinna, en borgarfégeti hefur hvorki sótt þing né sækja látið.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Sérstaklega mótmælir stefndi dagsektakröfu stefnanda og telur fjárhæð þeirra mjög úr hófi. Þá bendir hann á, að ekki geti staðizt, að þær falli á, fyrr en að aðfararfresti liðnum.

Stefndi hefur viðurkennt, að stefnandi hafi fengið orðið Ísól eða Isol skrásett sem símnefni og telur, að með því hafi komizt á samningur milli Landssíma Íslands og stefnanda um það, að hann geti sent skeyti eða tekið við skeytum, þar sem orð þetta sé notað í stað heitis hans samkvæmt hlutafélagaskrá Reykjavíkur. Reisir stefndi kröfu sína um sýknu á því, að slík skrásetning veiti aðeins einkarétt til orðsins sem símnefnis, en enga frekari vernd.

Þá bendir stefndi á, að firmanafn hans sé ekki orðið Ísól eitt heldur Ísól h/f, og heldur því fram, að taka og skrásetning heitisins Ísól h/f brjóti hvorki í bága við ákvæði 10. gr. firmalaganna né 9. gr. laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum. Telur hann, að orðið „verzlunarmerki“ í 9. gr. síðarnefndra laga taki aðeins til „grafiskra“ merkja, en ekki til orða svo sem símnefna.

Enn heldur stefndi því fram, að engin hætta sé á, að villzt verði á hlutafélagunum eða skeytum til þeirra, þrátt fyrir notkun félaganna á umræddu orði Ísól. Gera verði ráð fyrir, að rit-síminn fylgi þeirri reglu, að láta þera skeyti, sem stíluð séu á nafn, sem sé skrásett símnefni, til þess aðilja, sem símnefnið sé skrásett fyrir. Ef skeyti bæri þannig orðið Isol eitt sem áritun, myndi það vera borið til stefnanda. Bæri skeyti hins vegar áritunina Ísól h/f, myndi það borið til sín. Í þessu samnandi bendir stefndi á, að þeir aðiljarnir stundi mismunandi starfsemi. Hann ræki „iðju og aðra starfsemi, eftir því sem hluthafafundur ákveður, svo og lánastarsemi“. Hins vegar muni starfsemi stefnanda einungis vera innflutningur olíuvara og ef til vill kyndingartækja. Þessi meginmunur á starfsemi aðiljanna valdi því að sjálfsögðu, að enn síður sé hætta á, að villzt verði á þeim og skeytum til þeirra.

Loks staðhæfir stefndi, að frá því að hann hóf starfsemi sína hafi aldrei komið fyrir, svo að honum sé kunnugt, að villzt hafi verið á skeytum hans og stefnanda.

Skráning símnefnisins ISOL og notkun þess byggist á samkomulagi stefnanda og Landssíma Íslands. Slíkur samningur, einn út af fyrir sig, veitir stefnanda ekki neinn einkarétt til notkunar þess orðs, enda er það kunnugt, að hér á landi er sama orð notað sem símnefni af fleirum en einum aðilja og það jafnvel í sama byggðarlagi. Til þess að geta öðlazzt einkarétt til símnefnis sem verzlunareinkennis virðist fleira þurfa að koma til en einhliða samningur símnótanda og Landssímans, t. d. að símnefnið sé það sama og firmanafnið (sbr. Borgarfell — Borgarfell h/f, Poltrade — Poltrade) eða að símnefnið bendi á einhvern hátt til firmanafnsins (sbr. Ísafold — Ísafoldarprentsmiðja, Lilla — Nærfatagerðin Lilla) eða að símnefnið sé jafnframt notað sem vörumerki (sbr. Shell — Shell h/f, VÍR — Vinnufatagerð Íslands h/f), eða loks, að símnefnið sé þekkt af almenningi eða í viðkomandi verzlunar- eða starfsgrein sem styttn nafni á firmanu (sbr. Eimskip — Eimskipafélag Íslands h/f, KRON — Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis). Í slíkum tilvikum er fyllilega eðlilegt að gera ráð fyrir, að almenningur setji símnefnið í beint samband við firmun sjálf og af þeim ástæðum um ruglingshættu að ræða, sem verndar eigi að njóta lögum samkvæmt.

Nafn hins stefnda hlutafélags er gerólikt nafni félags stefnanda, ISOL bendir á engan hátt á nokkurt samband við nafn stefnanda, Oliusalan h/f, eða starfsemi hans. Ekki er heldur komið fram í málinu, að stefnandi hafi notað eða skráð orðið ISOL sem vörumerki eða firmaauðkenni í sambandi við starfsemi sína né heldur notað orð þetta gagnvart almenningi til þess að aðgreina firma sitt frá öðrum firmum, eða vekja athygli á starfsemi sinni með þessu merki. Stefnandi virðist því ekki hafa neitt annað til þess að tryggja rétt sinn til þessa merkis en að fá það skráð sem símnefni og notað það eingöngu á þann hátt.

Hvað snertir firmanafn stefnda ÍSÓL og notkun þess nafns virðist því ekki vera um að ræða neina hættu á því, að almenningur setji það nafn í samband við firmanafn stefnanda eða starfsemi hans. Ekki er heldur fram komið í málinu, að þeir, sem í sömu starfsgrein starfa og stefnandi, þekki starfsemi stefnanda undir verzlunarauðkenninu ISOL og að af þeim sökum sé hættu á ruglingi í viðskiptum aðilja. Eftir því, sem fyrir liggur í málinu, verður því raun rétttri ekki gert ráð fyrir annarri hættu á ruglingi vegna notkunar beggja aðilja málsins á

orðinu ISOL en þeirri, að Landssími Íslands eða starfsmenn hans kunni að rugla saman símskeytum aðilja. Getur þetta að sjálfsgöðu orðið til nokkurra óþæginda fyrir aðilja málsins, ef fyrir kæmi, en þar sem slík mistök snerta eingöngu aðiljana sjálfa, en koma ekki fram gagnvart almenningi, þá verða slík mistök eða ruglingur milli fyrirtækjanna sjálfra innbyrðis ekki talin samkeppnisréttarlegs eðlis og snertir því ekki ákvæði laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum. Þá er viðurkennt af aðiljum málsins, að slíkur ruglingur á afgreiðslu símskeyta hafi ekki komið fyrir og af bréfi ritsímastjórans í Reykjavík, dags. 2. nóv. 1960, sem fyrir liggur í málinu, virðist mega ráða, að hætta á ruglingi eða mistökum af þessu tagi sé óveruleg.

Að lokum er á það að líta, að tilgangur stefnanda er „innflutningur olíuvara og önnur skyld starfsemi svo og lánastarfsemi“, en tilgangur stefnda „að reka iðnað og aðra skylda starfsemi, eftir því, sem hluthafafundur ákveður“. Verður að álíta, að þessar staðreyndir dragi úr væntanlegum mistökum af þessu tagi.

Samkvæmt framanskráðu verður ekki talið, að stefnandi hafi öðlzt einkarétt til heitisins ISOL, sem útiloki rétt stefnda til að nota það nafn í firmanafni sínu, enda verður ekki séð, að notkun stefnda á því nafni fari í bága við ákvæði laga nr. 84 19. júní 1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum né heldur 10. gr. laga um verzlunarskrár, firmu og prókúrumboð nr. 42 18. nóv. 1903. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna, ásamt með dómsmönnum Jóhanni Ólafssyni forstjóra og Sigurgeir Sigurjónssyni hrl.

Dómsorð:

Stefndi, Ísól h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ólúsölunnar h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.
